

Ed.

107. Frumvarp til laga

[105. mál]

um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79 29. maí 1972.

Flm.: Egill Jónsson, Salome Porkelsdóttir.

1. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna orðist svo:
Um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta.

2. gr.

1. másl. 10. gr. laganna orðist svo:
Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði, sem hér segir:

3. gr.

IX. tl. 10. gr. laganna (laga nr. 43/1979) falli niður.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í 12. gr. laganna (laga nr. 43/1979) falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.
Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 43 29. maí 1979.

Greinargerð.

Það frumvarp, sem hér er flutt, miðar að því að breyta jarðræktarlögunum til þess horfs sem var áður en þeim var breytt árið 1979.

Þær breytingar, sem gerðar voru á jarðræktarlögunum þá, fólu einkum í sér tvennt:

1. Heimilaðar voru skerðingar á tilteknum framlögum vegna framkvæmda í jarðrækt.
2. Sú upphæð, sem greidd var að meðaltali samkvæmt jarðræktarlögunum árin 1978 og 1979 og yrði verðtryggð, skyldi greiðast næstu fimm árin. Þannig átti að fást með samdrætti í framkvæmdum í jarðrækt og skerðingu jarðræktarframlaga fjármagn er verja átti til að efla ný viðfangsefni í landbúnaði.

Við þær breytingar, sem að framan er lýst, var leitað nokkurs samráðs við bændastéttina, þar á meðal Búnaðarþing, en meiri hluti þess féllst á breytingarnar. Óhætt er að fullyrða að sá stuðningur, sem fyrir hendi var við framangreind áform, byggðist að verulegu leyti á því, að með verðtryggingunni fengist fjármagn til stuðnings við nýjungar í landbúnaði, og þess vegna réttlætianlegt að fallast á heimildir um skerðingu á jarðræktarframlögum.

Það fjármagn, sem verðtryggingarákvæði jarðræktarlaganna hefðu átt að skila, hefur verið miðað við fjárlög og fjárlagafrumvarp fyrir árið 1983.

	1980	1981	1982	1983
Verðtryggingarfé hefði átt að verða	4.81	8.32	8.70	13.68
Verðtryggingarfé varð	4.68	4.84	2.44	0.00

Eins og hér má sjá hefur upphæð þess fjár, sem verðtrygging jarðræktarlaganna átti að gefa, farið stöðugt minnkandi og er nú svo komið, ef miðað er við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1983, að ekki vantar einungis allt það fé, heldur einnig skerðingarféð og að auki 3.48 millj. kr. svo unnt sé að standa skil á lögboðnum framlögum til bænda.

Augljóst er af því, sem að framan er greint, að þau fyrirheit, sem gefin voru árið 1979 þegar rætt var um breytingar á jarðræktarlögunum í núverandi horf og til hvers þær ættu að leiða, hafa brugðist. Þess vegna er lagt til að þær breytingar verði felldar úr lögum.

Að öðru leyti ber að meta flutning þessa frumvarps með hliðsjón af frumvarpi til laga um Framleiðnisjóð landbúnaðarins og frumvarpi til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Í greinargerð fyrir þeim frumvörpum koma fram enn frekari skýringar máli þessu til stuðnings.